



## Skipulagsverðlaun Sffí 2018.

**Verðlaun í flokki skipulags hlýtur Rammaskipulag Skerjafjarðar, unnið af ASK arkitektum, EFLU og Landslagi fyrir Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar.**

### Umsögn dómnefndar:

Rammaskipulag Skerjafjarðar markar að nokkru leyti tímamót í gerð rammaskipulags hér á landi og eru skipulagshöfundar framsæknir í viðleitni sinni til að leggja áherslu á góða umgjörð fyrir fjölbreytilega flóru íbúa og lifandi samfélag. Rammaskipulagið er langtíma stefnumarkandi skipulagsáætlun um uppbyggingu fjölbreytilegrar og vistvænnar borgarbyggðar á þessum mikilvæga lykilstað á höfuðborgarsvæðinu. Höfundar Rammaskipulagsins nýta sér staðsetningu og sérstöðu svæðisins til hagsbóta fyrir íbúa þess í nútíð og framtíð og íbúar alls höfuðborgarsvæðisins munu fá tækifæri til að njóta þeirra gæða sem svæðið býður upp á.

Að mati dómnefndar er rammaskipulagið vel unnið í þverfaglegu samstarfi fagfólks og í samtali við íbúa. Skipulagið leggur góðan grunn að deiliskipulagsvinnu á svæðinu, þar sem velferð fólks verður í fyrsta sæti. Vel hefur tekist að tryggja aðgengi allra að opnum svæðum og tenging vistkerfis Vatnsmýrarinnar við ströndina er mikilvæg. Mannlegi þátturinn og tenging við umhverfi byggðarinnar er sterk, og áhersla lögð á rýmið frekar en massann.

Þá er aðdragandi og framkvæmd vinnu við rammaskipulagið til fyrirmyndar fyrir önnur sveitarfélög, en skipulagið er byggt á víðtækri hugmyndaleit sem Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur bauð fimm þverfaglegum teyimum skipuðum skipulagsfræðingum, arkitektum, landslagsarkitektum og verkfræðingum að taka þátt í. Eftir að þeirri hugmyndaleit lauk var haldinn opin kynningarfundur þar sem íbúum gafst færi á að tjá sig um framhald verkefnisins.

Vel er að staðið að greiningum á skipulagssvæðinu og er tillagan tillitssöm gagnvart þeirri rótgrónu og fíngerðu byggð sem fyrir er í Skerjafirði og henni er mætt af gætni. Sú byggð sem fyrirhuguð er mun skapa grundvöll fyrir öflugra þjónustu og fjölbreyttari íbúa- og íbúðasamsetningu. Í rammaskipulaginu er mörkuð skýr framtíðarsýn þar sem tekist er á við stórar áskoranir núlifandi og framtíðarkynslóða af ábyrgð. Mun skipulagið verða til hagsbóta fyrir fjölbreytta flóru íbúa af öllum þjóðfélagsstigum og hvaðanæva af höfuðborgarsvæðinu, með stórum, opnum útivistarsvæðum sem öllum eru opin og öruggum ferðaleiðum fjölbreyttra ferðamáta um svæðið. Gert er ráð fyrir lítilli landfyllingu og er strandlengjan virkjuð til útivistar, sem með tilkomu brúar yfir Fossvog verður aðgengilegri íbúum alls höfuðborgarsvæðisins. Við hönnun almenningsrýma voru lykilorðin sól og skjól höfð í fyrirrúmi og tókst teyminu með ágætum að skapa grundvöll fyrir skjólsæl og sólrík rými sem eru líkleg til að laða að fólk og verða vinsælir íverustaðir.

Samgöngubáttur rammaskipulagsins er vel útfærður og á það jafnt við um götur sem stíga fyrir hjólandi og gangandi vegfarendur. Það er metnaðarfullt og framsýnt að skipuleggja fyrir fólk sem aðhyllist lífsstíl án bíla með þeim hætti sem hér er gert. Skipulagsáætlunin er áræðin í þeim efnum og gengur lengra en oft er gert í að forgangsraða þörfum fólks sem notar vistvæna ferðamáta fram yfir þarfar þeirra sem gera það ekki. Þannig eru engin bílastæði innan lóða á svæðinu heldur er þeim í aðalatriðum komið fyrir í bílgeymslum og meðfram götum. Er það nokkur nýlunda hér á landi og e.t.v. til marks um það sem koma skal í framtíðinni.



Lausnir varðandi meðferð ofanvatns eru í samræmi við nútímahugsun í þeim efnum og munu vonandi styðja mótun vistvænna og grænna svæða fyrir fólk. Í rammaskipulagi Skerjafjarðar birtist áræðin framtíðarsýn sem boðar fögur fyrirheit um lifandi og fjölbreytta borgarbyggð í nálægð við náttúru og sátt við umhverfið. Um leið og tillit er tekið til sérstöðu núverandi byggðar í Skerjafirði er hér er tekið mikilvægt skref til frekari uppbyggingar í Vatnsmýrinni.

Að framsögðu telur dómnefnd Skipulagsverðlaunanna 2018 að Rammaskipulag Skerjafjarðar sé heildstæð áætlun og falli vel að áherslu Skipulagsverðlaunanna í ár. Dómnefndin hefur því ákveðið að veita tillögunni Skipulagsverðlaun Skipulagsfræðingafélagsins árið 2018.

**Verðlaun í flokknum sérstök verkefni í tengslum við skipulag hlýtur Dr. Sigríður Kristjánsdóttir fyrir ritstjórn bókarinnar *Nordic Experiences of Sustainable Planning: Policy and Practice*, sem út kom hjá bókaforlaginu Routledge árið 2018.**

#### **Umsögn dómnefndar:**

Í bókinni má finna yfirgripsmikið samansafn ritrýndra fræðigreina eftir 12 fræðimenn sem fjalla um sjálfbærni og skipulagsmál á Norðurlöndunum frá ólíkum sjónarhornum. Í bókinni eru 18 kaflar frá öllum Norðurlöndunum sem fjalla um skipulagsmál frá ólíkum sjónarhornum og draga fram hve þverfagleg skipulagsfræði er. Bókin er mikilvæg heimild um skipulagsmál á Norðurlöndunum og vaxandi áherslu á sjálfbærni í skipulagi. Í bókinni er leitað svara við áleitnum spurningum og getur hún nýst fagfólki, fræðimönnum og námsmönnum á sviði skipulagsfræði, umhverfismála, arkitektúrs og borgarhönnunar. Þá er bókin til vitnis um farsælt alþjóðlegt samstarf á vettvangi PLANNORD. Auk þess að skrifa inngang og lokaorð þá skrifaði Sigríður þrjá kafla í bókinni.

#### **Dómnefnd Skipulagsverðlaunanna 2018 skipuðu eftirfarandi fulltrúar:**

Edda Ívarsdóttir fyrir Grænni byggð,  
Guðbjörg Guðmundsdóttir fyrir Félag íslenskra landslagsarkitekta,  
Jóhann Einarsson fyrir Arkitektafélag Íslands  
Kristín Una Sigurðardóttir fyrir Skipulagsfræðingafélag Íslands, formaður dómnefndar  
Þorsteinn Þorsteinsson fyrir Verkfræðingafélag Íslands.

**Stjórn Sffí þakkar dómnefndarfulltrúum fyrir þeirra störf og fagfélögunum sem tilnefndu fulltrúa fyrir samstarfið.**

